



Fræðslunetið sýmenntun á Suðurlandi

124. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – sýmenntunar á Suðurlandi, 18. okt.

2016 kl.16.30, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður, Þór Hreinsson, Magðalena K. Jónsdóttir, Elín Einarsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. *Beiðni Háskólafélags Suðurlands um formlegar samningaviðræður.* Minnisblað frá formönnum og framkvæmdastjórum Háskólafélagsins og Fræðslunetsins lagt fram og tekið til umræðu. Stjórn Fræðslunetsins telur ávinning að sameiningu félagana tveggja ekki nægilega ljósan að sinni. Bæði félögin reka blómlega þjónustustarfsemi hvort á sínu sviði og geta í gegnum samvinnu, sín á milli, náð að sinna álíka breiðri þjónustu og þau hugsanlega gera sem eitt félag. Stjórn Fræðslunetsins telur að sóknarfæri kunni enn að leynast í aukinni og formaðri samvinnu félaganna og hvetur framkvæmdastjóra og starfsfólk til að skoða markvist slíka möguleika.
2. *Fréttir frá framkvæmdastjóra.* Utanhúss mál rædd sérstaklega. Stjórn skorar á sveitarstjórn Árborgar að setja í forgang að ljúka framkvæmdum á bílplani og umhverfi Fræðslunetsins
3. *Önnur mál.* Stjórn fagnar góðri vinnu starfsmanna Fræðslunetsins.

Fundi slitið kl. 18:40

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir

Sigursveinn Már Sigurðsson
Laufey Ósk Magnúsdóttir
Þór Hreinsson
Elín Einarsdóttir